

76.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins sunnudaginn 5.mars 2017 og hófst kl. 11.00. Fundurinn var jafnframt fyrsti fundur 8.starfsárs.

Mætt: Hulda Elsa Björgvinsdóttir, Erla Kristín Árnadóttir, Alex Orrason, Róbert Kjaran, Þórunn Lilja Vilbergisdóttir og Gry Ek. Rósa Birgisdóttir boðaði forföll. María Guðsteinsdóttir sat fundinn.

Hulda Elsa setti fundinn og bauð nýja stjórn velkomna til starfa.

Þetta gerðist:

1. Stjórnin skipti með sér verkum á þennan hátt.

Formaður: Hulda Elsa Björgvinsdóttir

Varaformaður: Erla Kristín Árnadóttir

Gjaldkeri: Alex Orrason

Ritari: Gry Ek

Meðstjórnendur: Róbert Kjaran, Þórunn Lilja Vilbergisdóttir og Rósa Birgisdóttir.

Vefstjóri: Róbert Kjaran.

Róbert býr til kraftnetföng og dropboxaðgang fyrir nýja stjórnarmenn og tekur fráfarandi stjórnarmenn út.

2. Skipun í nefndir

Eftirfarandi tillögur að nefndarskipan samþykkt. Eftir er að fá samþykki manna, **Hulda** sér um það, og skilgreina nákvæmlega verkefni nefnda á árinu., en það er verkefni næsta fundar.

Laganefnd: Ása og Sigurjón

Landsliðsnefnd: Hulda Elsa, formaður – Alex Orrason, Helgi Hauksson og formaður þjálfararáðs sem fer með atkvæði f.h. þjálfararáðsins.

Mótanefnd: Gry, formaður – Þórunn Lilja, Einar Örn og Þorbergur

Búninganefnd: María Björk, formaður – Alex og Grétar Skúli.

Heiðursmerkjanefnd: Gry, formaður – Auðunn og Guðjón

Aganefnd: Anna, formaður – Grétar Dór og Helgi Briem

Dómaranefnd: Helgi, formaður – Aron og Kári. Sólveig til vara.

Fræðslu- og útbreiðslunefnd: Róbert, formaður – Aron Friðrik – Gunnlaug Olsen – Lára Finnbogadóttir og fulltrúi þjálfararáðs.

Fyrsta verkefni dómaranefndar er að setja upp dómaraþlan fyrir mótin framundan. Ákveðið að gefa strax dómurum kost á að skrá sig á mót – **Róbert** falið að búa til vettvang.

Ákveðið var að setja á laggirnar nýja nefnd, Fræðslu- og útbreiðslunefnd og tók Róbert að sér formennsku. Verkefni nefndarinnar eru að koma á þjálfaranámskeiði á árinu í samvinnu við þjálfararáð, skipuleggja æfingabúðir fyrir unga keppendur í samvinnu við þjálfararáð og skipuleggja dómaraþróf í samvinnu við dómaranefnd.

Ákveðið var að setja á laggirnar búninganefnd til að gera tillögur að og fá tilboð í nýja landsliðsbúninga. Nefndin skal byrja á að kanna hvort boðið er upp á búningaþjónustu á vegum ÍSí.

3. Afreksstefnan.

Stefnan var kynnt á þinginu og verður birt eftir yfirllestur
Erla Kristín bauðst til að lesa yfir. **Gry** sendi textann á hana.

4. Agamál.

Úrskurður aganefndar í máli kraftlyftingadeildar Harðar liggur fyrir.

Alex falið að innheimta sektina.

Stjórn telur nauðsynlegt að upplýsa aðalstjórn Harðar um málið.

Stjórn telur nauðsynlegt að skoða reglur um meðferð agamála og gera breytingar ef þurfa þykir.

Mál frá stjórn Massa hefur verið vísað aftur til stjórnar. **Hulda Elsa** kynnir sér málið og tekur það fyrir á næsta stjórnarfundu.

5. Undirritun samnings við afrekssjóð.

Hulda og **Alex** með málið.

6. Landsliðsmál.

Breytingar hafa verið gerðar á tilnefningum á EM jr. Kara Gautadóttir og Guðfinnur Snær Magnússon og Sóley Jónsdóttir bætast í hópinn.

7. Þingseta

Framundan eru þing ÍSí og EPF.

Stjórnin þarf að tilnefna fulltrúa á þingin – máli frestað til næsta fundar.

Þórunn og Gry viku af fundu.

8. Ráðning framkvæmdastjóra.

María fór yfir störf sín sem starfsmaður sambandsins. Vinnan hefur aukist mikið frá því hún var ráðin og telur hún að rétt sé að auka hlutastarfið úr 12,5% stöðu í 25% stöðu miðað við umfang starfa. Starfslýsing er til, en **María** ætlar að uppfæra lýsinguna með hliðsjón af þeim störfum sem hún hefur innt af hendi síðan hún var ráðin til sambandsins og senda stjórninni. Farið var yfir launakjör. **Alex** og **Hulda** skoða málið, Alex mun afla upplýsinga um störf og launakjör framkvæmdastjóra hjá öðrum samböndum.

Fundi lauk kl. 13:15

Fundarritari: Gry Ek